

AÐALFUNDUR 2018

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

7.0

ÁKVÖRÐUN UM LAUN STJÓRNAR, SJÓÐA OG NEFNDA

Tillaga stjórnar um laun stjórnarmeðlima og nefndarmanna í félagsstarfi Fíh

Fram að þessu hefur stjórn Fíh ákvarðað launaröðun stjórnar og nefndarstörf á vegum Fíh.

Stjórn Fíh vill koma þeirri nýbreytni á að launaröðunin verði lögð fyrir aðalfund og ákvörðuð af honum.

Tillaga stjórnar Fíh er eftirfarandi:

- Launaröðun stjórnar Fíh er tímakaup miðað við launaflokk 13-4 í núgildandi kjarasamningum við fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs.
- Launaröðun fyrir nefndarstörf á vegum Fíh er tímakaup miðað við launaflokk 9-4 í núgildandi kjarasamningum við fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs.